

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 26. nóvember 2018
UST201810-116/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Urðir í Landsveit – Rangárþingi ytra.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingafulltrúa Rangárþings ytra er barst 11. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Urðir í Landeyjasveit í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram að ofangreint svæði eru um 6 ha. að stærð og gerir tillagan ráð fyrir lóðir fyrir 6 frístundahús.

Auk þess kemur fram í greinargerð að skipulagssvæðið er nánast algróið gras- og kjarrlendi og stutt er niður á hraun. Einnig kemur fram í greinargerð að svæðið er í jaðri mikils uppblásturssvæðis sem nú hefur verið grætt upp að stórum hluta.

Umhverfisstofnun telur að ofangreint svæði falli undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Það er mat Umhverfisstofnunar er sú að tillagan sýni ekki fram á nægilega sterk rök sem réttlætir röskun á ofangreindu verndarsvæði sem skipulagstillagan nær til.


Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri

framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laganna auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
Sérfræðingur